

7. fundur stjórnar foreldrafélags Flataskóla þ. 05.03.2007 kl. 17:00 á kaffistofu starfsfólks Flataskóla. Mættar: María, Hrönn, Jóhanna, Ásgerður og Þórleif

1. Samgöngunefnd og Tímstundaheimilisnefndir eru að byrja störf. Einn fundur verið haldinn í samgöngunefnd skv. Þórleifu, fundargerð hans er væntanleg á næstu dögum. Tímstundaheimilisnefnd kemur saman á næstu dögum og mun Edda Rósa stýra þeirri nefnd.
 2. Landasýning. Ragnheiður Laufdal sem stýrði uppsetn. á náttúrusýningunni í fyrra afhenti Maríu í vikunni bréf með hugmyndum varðandi uppsetningu landasýningar. Ljóst er að tíminn er of stuttur til 24. mars og því kom fram hugmynd um að seinka sýningunni til 28. apríl nk. Ath þarf hjá Sigurveigu skólastjóra hvort sú dagsetning stangist á við einhverja viðburði í skólanum. Búið er að ræða við Ingibjörgu bókavörð sem gaf góðar hugmyndir og er sérstaklega horft til þeirrar vinnu sem Ingibjörg er búin að vinna í vetur með nemendum skólans sem eiga annað eða bæði foreldra erlenda. Þ.e. að fá að nýta eitthvað af þeirri vinnu. Hugmyndin er að skipta sýningunni upp í heimsálfur og leggja sérstaka áherslu á þau lönd í hverri heimsálfu sem nemendur í skólanum hafa tengsl við, en skv. upplýs. stjórnarinnar eru um 30 nemendur í Flataskóla af erlendu bergi brotnir. Hver bekkur leggði þá áherslu á það land sem nemandi í bekknum hefur tengsl við. Ef bekkur er án nemanda með tengsl við ákv. land, þá yrði einfaldlega dregið um önnur lönd sem þeir bekkir myndu þá kynna. Flestir nemendur skólans hafa í dag farið til annarra landa og komið með hina ýmsu minjagripum með sér til baka þannig að af nógu ætti að vera að taka varðandi gripum. Horft er sérstaklega til þess að með landasýningunni yrði verkefni Ingibjargar bókavardar nýtt betur en raddir hafa heyrst um að fleiri hefðu viljað kynnast því verkefni í vetur þegar það var sett upp. Þarna myndu nemendur af erlendu bergi brotnu fá sérstakt hlutverk í hverjum bekk varðandi öflun gripa og upplýsinga. Það er því ljóst að reyna þarf meira að ná til foreldra þessara barna en lítil viðbrögð urðu við kalli foreldrafélagsins í febrúar varðandi landasýninguna. Hrönn ætlar að setja saman bréf með hugmyndum stjórnarinnar og leggja undir skólastjóra og deildarstjóra varðandi samvinnu við kennara fyrir sýninguna. Stjórnin er öll af vilja gerð til að setja upp sýninguna, en skortir faglega kunnáttu og þekkingu á viðfangsefninu og þar er þörf á aðstoð frá kennurum skólans.
 3. Leikhús. Kynningarbréf um söngleikinn Abbababb sem sýndur er í Hafnarfjarðarleikhúsinu barst foreldrafélaginu. María ætlar að kanna hvort áhugi sé í skólanum fyrir leikhúsferð 17. eða 25. mars nk.
 4. Skólafatnaður. Er í skoðun með foreldrafélagunum í Garðabæ.
 5. Hjólagrindur, kvartað hefur verið að hjólagrindur vanti við yngri deildarálmu skólans, þ.e. að ofanverðu, Þórleif ræðir það við Sigurveigu skólastjóra.
 6. Ákveðið að stjórn foreldrafélagsins hittist aftur fljótlega til að skoða betur skólafatnað og landasýninguna. María sér um að boða á þann fund.
- Þórleif Hjartardóttir, ritari foreldrafélags Flataskóla.